



Öldubrot

Fréttabréf Öldutúnsskóla



20. árgangur, 5. tölublað

Desember 2005

Abm.: Guðmundur I. Jónsson

Fréttabréfið er sent í tölvupósti til allra foreldra. Það er einnig á vefsíðu skólans

Mikilvægt að muna:

- Veikindi skulu tilkynnt á skrifstofu skólans. Munið að hringja daglega fyrir kl. 9 meðan veikindi standa yfir.
- Heimasíða skólans er: www.öldutunsskoli.is
- Heimasíða félagsmiðstöðvarinnar er: www.aldan.is
- Sími skólans er 555 1546 og er skrifstofa skólans opin kl. 8-16 virka daga nema föstudaga en þá lokar skrifstofan kl. 15.

Skólastjóri:

Erla Guðjónsdóttir.

Aðstoðarskólastjórar:

Guðmundur Ingi Jónsson
María Pálmadóttir.

Nýr gervigrasvöllur

Nú á síðustu vikum hefur verið unnið að því að setja upp gervigrasvöll á lóðinni. Frágangur er á lokastigum og munum við vígja völlinn með íþróttaviðburðum á nýju ári. Völlurinn er kærkomin viðbót við leiksvæði skólans og á eftir að nýtast okkur vel.

Frá skólastjóra

Á þessu ári er fagnað 40 ára starfsafmæli kórs Öldutúnsskóla. Við urðum vitni að því í sumar á afmælistónleikunum í Víðistaðakirkju og nú síðast á afmælishátíð kórsins í þann 19. nóvember sl. hversu djúpar rætur kórinn á og kórfélagar margir gegnum tíðina, enda 40 ár djúgur tími. Starfsævi sína hefur Egill Friðleifsson helgað þessum kór, haldið á sprotanum fyrir framan börn og unglina í Öldutúnsskóla og stýrt þeim í sköpun á fallegum samhljómi sem þjóðin hefur orðið vitni að. Brynhildur Auðbjargardóttur hefur tekið formlega við stjórn kórsins, en sjálf var hún í kórnum um árabil. Í hennar höndum horfum við fram á farsælt framhald á kórastarfinu í skólanum.

Það að taka þátt í kór er ekki bara tónlistarsköpun heldur uppeldi sem hefur í för með sér sjálfsaga, samkennd, einbeitingu auk æfingar í framkomu.

Hvatningarorð mín á þessum tímamótum eru því, að við stöndum enn þéttar saman, foreldrar og skólafólk og höldum á lofti hversu dýrmætt það er að ástunda verðug viðfangsefni sem gefa hversdeginum aukið innihald.

Það hvernig fólk hlúir að ungviði sínu og kemur því til þroska er mælikvarði á hvar gott er að vera, hvar gott er að búa. Á góðum heimilum, í góðum skóla, í góðu sveitarfélagi, ríkir áhugi, þekking og vilji til að leggja sérstaka rækt við yngstu kynslóðina. Starf kórs Öldutúnsskóla er gott merki um slíkan metnað sem ég mun leitast við að styðja í starfi mínu sem skólastjóri Öldutúnsskóla.

Ég óska öllum nemendum, foreldrum þeirra, starfsfólki og öðrum velunnurum skólans gleðilegrar hátíðar, árs og friðar með þakklæti fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða.

Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri



Egill og Brynhildur

Nemendur 7. bekkja í skólabúðum að Reykjum

Víkuna 28. nóvember til 2. desember sl. dvöldust nemendur 7. bekkja í skólabúðum í Reykjaskóla í Hrutafirði. Lagt var af stað klukkan 9 á mánudagsmorgni og komið í Hrutafjörð um hádegisbil. Þar tók Þorvarður skólabúðastjóri á móti hópunum og fór yfir helstu reglur og umgengnisvenjur. Þegar allir voru búnir að fá herbergi var farið í hádegismat til Kalla sem er matráður skólabúðanna. Það er óhætt að segja að það hafi verið almenn ánægja með matinn alla vikuna og voru börnin vel nærð.

Lífið í skólabúðunum var mjög fjölbreytt og skemmtilegt. Má þar m.a. nefna fjöruferð, heimsókn á byggðasafn, íþróttir og sund, náttúrufræði, landbúnað og heimsókn til Skúla bónda á Tannstaðabakka.

Öll kvöld fóru svo krakkarnir í íþróttasalinn á kvöldvöku. Þar var mikið fjör og stuð. Þeir tóku þátt í alls konar leikjum og keppni. Á fimmtudagskvöldið var diskótek haldið fyrir unga sem aldna. Föstudagsmorgun fór svo í að pakka niður, leika sér í frjálsum tíma og halda heim á leið. Dvölin var í alla staði vel heppnuð og komu kennarar og börn sæl og ánægð til baka. Myndir frá dvölinni má sjá á vefsíðunni okkar www.oldutunsskoli.is



Próf og annað námsmat

Próf og annað námsmat er að einhverju leyti hafið nú í desember og verður einnig fyrstu vikunnar í janúar. Próf verða felld inn í daglega stundaskrá nemenda.

Upplýsingafundur með foreldrum um forvarnir

Þann 28. nóvember sl. voru foreldrar boðaðir til fundar um forvarnir. Á fundinum kynnti formaður foreldrafélagsins, Árni Mathiesen starfsemi félagsins og gerði foreldraröltið að sérstöku umfjöllunarefni. Ennfremur var frábær fyrirlestur um netnotkun barna og ungmenna. Fyrirlestrinum eru gerð góð skil í fréttabréfi Foreldrafélags Öldutúnsskóla sem kom út fyrr í þessari viku. Kynntar voru niðurstöður könnunar sem gerð var sl. skólaár um vímuefnanotkun unglinga í Hafnarfirði, þ.á.m. Öldutúnsskóla. Það er ánægjulegt að neysla unglinga í Hafnarfirði hefur farið minnkandi undanfarin ár og má það þakka aukinni samstöðu foreldra og annarra aðila sem koma að félags- og uppeldisstarfi barnanna. Nokkrar sveiflur eru samt upp og niður milli ára og minna okkur á að hvergi má slaka á. Það að horfa saman á þessar niðurstöður árlega, eflir okkur við það að standa saman um að veita börnum okkar gott aðhald og hjálpa þeim að stunda verðug viðfangsefni.

Jólahald og jólafrí

Jólaskemmtanir verða á eftirfarandi tímum.

Mánudagur 19. desember:

Kl. 16:00 – 18:30, 7. bekkur

Kl. 19:30 – 22:00, 8. til 10. bekkur

Þriðjudagur 20. desember:

Kl. 8:10 – 10:50, 1. og 2. bekkur

Kl. 9:50 – 12:30, 3. og 4. bekkur

Kl. 11:30 – 14:10, 5. og 6. bekkur

Kl. 13:10 – 14:10, 7. bekkur (stofujól)

Jólalaleyfi hefst 21. desember. Kennsla hefst síðan aftur þann 4. janúar samkvæmt stundaskrá.

Við óskum nemendum okkar og fjölskyldum þeirra gleðilegarar hátíðar með þakklæti fyrir samstarfið á árinu.

Stefna Öldutúnskóla

- Skapa það andrúmsloft og umhverfi í skólanum að nemendum líði þar vel og geti þroskast og dafnað á sínum forsendum við krefjandi og áhugaverð verkefni í leik og starfi.
- Gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu og veita þeim þá hvatningu og stuðning við ákvarðanatöku um framvindu náms sem mögulegt er.
- Halda forráðamönnum nemenda vel upplýstum um skólastarfið og námsframvindu barna sinna og stuðla að jákvæðum og gagnvirkum samskiptum milli heimilis og skóla.
- Umgangast hvert annað af virðingu og kurteisi og að jákvæðni sé aðalsmerki nemenda og starfsmanna skólans, því með henni komumst við þangað sem við ætlum okkur.

Skólastjóri: Erla Guðjónsdóttir.

Aðstoðarskólastjórar: Guðmundur Ingi Jónsson og María Pálmadóttir.

Tilkynningar og fréttaskot

- **Fjöltefli í Öldutúnskóla – Hrókurinn kemur í heimsókn.** Mánudaginn 24. október fáum við heimsókn skákmanna frá Hróknum. Þeir munu hitta þriðju bekkinga og gefa þeim bók um skák og tefla fjöltefli við krakkana. Við fögnum komu þeirra og munum nýta þetta til að efla skákíþróttina innan skólans.
- **Mánudagurinn 24. október.** Starfsmönnum skólans er gefin kostur á að taka þátt í útifundi í tilefni af því að 30 ár eru liðin frá kvennafrídegi. Engin starfsemi er því í skólanum frá og með klukkan 14 mánudaginn 24. október.
- **9. og 10. bekkir í leikhús.** Actavis býður öllum nemendum þessara árganga í Hafnarfirði á leiksýningu. Nemendur í Öldutúnskóla fara þriðjudaginn 25. október. Sýningin sem heitir „Hvað ef“ fjallar á nýstárlegan og skemmtilegan máta um kaldar staðreyndir varðandi neyslu vímuefna. Stefnan er að sýna unglungum fram á að þeir hafa val og margar saklausar ákvarðanir geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.
- **Námsstefna allra kennara í Hafnarfirði 26. október næstkomandi.** Miðvikudaginn 26. október verður námsstefna, skipulögð af Skólaskrifstofunni, frá klukkan 13:00–17:00. Allri kennslu lýkur klukkan 12:40. Selið opnar um leið og kennslu lýkur fyrir þau börn sem eiga skráðan dvalartíma þar.
- **Vetrarfrí.** Dagana 27. til og með 31. október næstkomandi er vetrarfrí nemenda. Selið verður opið fyrir nemendur í 1. til 4. bekk og þurfa foreldrar að sækja sérstaklega um dvalartíma í síðasta lagi þriðjudag 25. október á eyðublaði sem börnin koma með heim.
- **Heimsókn 10. bekkinga til Suðurnesja.** Dagana 20. -21. október voru 10. bekkingar í heimsókn á Suðurnesjum. Skoðaðir voru markverðir staðir, farið var á söfn og Fræðasetrið í Sandgerði heimsótt. Kvöldvaka var með 10. bekkungum í Sandgerði á fimmtudagskvöldinu.
- **Skólabúðir á Reykjum.** Árlega fara 7. bekkir í skólabúðir á Reykjum. Að þessu sinni er farið 28. nóvember og dvalið til 2. desember.

